



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1455
komudagur 20.4.2005

Reykjavík, 20. apríl 2005.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, 587. mál á þskj. 879, lagt fram á 131. löggjafarþingi, samanber umsögn bandalagsins frá 14. þessa mánaðar.

Hér er um breytingu á 37. gr. laganna að ræða í samræmi við stefnu stjórnvalda. Bandalagið gerir eftirfarandi athugasemdir við efni frumvarpsins:

Varað er við of víðtækri heimild ráðherra til þess að kveða á um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í reglugerð, samanber lok 1. gr. frumvarpsins.

Að undanfögnu hefur hver reglugerðin rekið aðra frá Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu þar sem hagar öryrkja hefur verið rýrður.

Hinn 1. júní 2004 tók gildi reglugerð nr. 452/2004 um breytingu á reglugerð nr. 752/2002 um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiðakaupa. Þar var hagar hreyfihamlaðra skertur með tvennum hætti: styrkjarímabil var lengt úr 4 í 5 ár og skilyrði fyrir veitingu styrkja eða uppbóta voru þrengd. Ekkert samráð var haft við samtök fatlaðra um þessa breytingu og Tryggingastofnun ríkisins leitaði jafnvel leiða til þess að úrskurða umsóknir samkvæmt hinni nýju reglugerð þótt umsóknir um styrki til bifreiðakaupa hafi verið lagðar fram áður en reglugerðin tók gildi. Öryrkjabandalag Íslands getur framvísað gögnum hér að lútandi vegna kærumála sem út af þessu spruttu og var vísað til úrskurðarnefndar almennatrygginga.

Þá skal bent á nýbirta reglugerð sama ráðuneytis nr. 352/2005 Tryggingastofnunar ríkisins í greiðslu vegna þjálfunar. Þar er beinlínis vegið að kjörum þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði og þurfa á þjálfun að halda til þess að viðhalda færni sinni.

Bandalagið minnir einnig á stöðugar breytingar á reglugerðum sem snerta þátttöku hins opinbera í greiðslu lyfja og minnkaða hlutdeild í greiðslu strimla, nála og blóðsykurmæla fyrir sykursjúka svo að nokkuð sé tínt til. Allar þessar reglugerðir koma yfirleitt í opna skjöldu eða eru kynntar samtökum án nokkurs fyrirvara. Síðan er því haldið fram að um samráð hafi verið að ræða.



Þá telur bandalagið þau ákvæði væntanlegrar reglugerðar um að "Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta." Ekki í samræmi við þær framfarir sem orðið hafa í tannlækningum að undanfögnu.

Öryrkjabandalag Íslands skorar á háttvirta heilbrigðis- og trygginganefnd þingsins að taka þetta frumvarp til rækilegrar endurskoðunar og fella ákvæði væntanlegrar reglugerðar inn í frumvarpið að höfðu nánu samráði við samtök lífeyrisþega.

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands,

Arnpór Helgason

Arnpór Helgason, framkvæmdastjóri